



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningarinnar
Handverk 2002
Eyjafjarðasveit
8. ágúst 2002**

Ágætu sýningargestir

Handverkið hefur í aldanna rás sett ríkulegan svip á íslenska menningu. Þær minjar sem okkur eru kærastar frá fyrri tímum bera iðulega vitni um fagurt handbragð og mikla leikni.

Við varðveitum í söfnum landsins skart og skrautmuni, amboð og ílát til daglegra nota sem hagleiksfólk skóp af listfengi, oft úr litlum efnum við harðan kost og án þess að hafa við höndina tæki og tól sem nú er talið sjálfsagt að nýta til góðra verka.

Þegar fornleifauppgröftur á gömlu bæjarhlaði eða kirkjustað, Skálholti og Hólum nú í sumar eða á Bessastöðum fyrir um áratug færir okkur lítinn hlut, brot úr hversdagsmun eða aðra ávísun á daglegt líf á fyrri tímum, þá gleðjumst við öll og fögnum þessum vitnisburði um hæfileika og handverk þeirra sem áður byggðu landið okkar.

Þannig er handverkið samofið íslenskri sögu og oft hið eina sem til frásagnar er um daglega önn, búskap og veiðar, gleðistundir eða hátíðarbrag. Handverkið gerir okkur kleift að glæða söguna nýju lífi og kynnast betur fólkinu sem áður setti svip á dali og héruð.

Þessi arfleifð er okkur mikils virði og hún hefur líka orðið til hvatningar á síðari árum þegar íslenskt handverk hefur verið að öðlast nýjan sess, orðið sönnun þess að sköpunargáfa og listfengi eiga sér víða traustar rætur.

Hér í Eyjafirði hefur í áratug verið efnt til sýninga sem veita fjölbætta sýn á þá miklu grósku sem nú einkennir íslenskt handverk og ég

færi öllum þeim sem hér hafa að verki komið einlægur þakkir fyrir frumkvæðið og forystuna á þessu sviði.

Það er ætíð undrunarefni að sjá fjölbreytnina sem setur svip á sýningarnar og hugkvæmnina sem leitt hefur til nýrra verka, hagnýtingar á hefðbundnu efni á óvæntan hátt, framleiðslu á margvíslegri nytjavöru og náttúruafurðum sem sóttar eru í íslenskt umhverfi og ríma vel við tískustrauma í heilsurækt.

Handverkið hefur einnig veitt ferðaþjónustunni þjóðlegri svip og skapað um leið nýjar tekjulindir, gert heimamönnum kleift að nýta sér gestakomu til búbótar um leið og ferðalangar geta haldið heim til sín með brot af íslenskri menningu í farteskinu.

Oft er vitnað í þá spásögn sérfræðinga að ferðaþjónustan verði helsta vaxtargrein nýrrar aldar og muni skipa æ veigameiri sess í hagsæld þjóða. Og þá er rétt að hafa í huga að henni tengjast ýmsar greinar sem gefa ferðaþjónustunni sérstakt innihald og veita svæðum og löndum sérstöðu á hinu mikla markaðstorgi heimsins alls.

Við sjáum þess víða merki að handverkið er orðið svo samþætt ferðaþjónustunni að í rauninni mynda þessar greinar órofa heild. Við þekkjum það líka frá ferðum okkar um önnur lönd að það sem við færum heim og geymum til minja er einnig góður gripur sem ber handverki og menningu fagurt vitni.

Víða um heim er handverkið orðið svo öflugur þáttur í hagkerfinu að farsæld þjóðar er því háð, þúsundir hafa atvinnu af þessu sköpunarverki og gjaldeyristekjurnar skipta miklu um þjóðarhag. Sú þróun getur líka orðið hér ef við berum gæfu til að sjá þau fjölpættu tækifæri sem í handverkinu felast.

Það er merkileg þversögn en staðreynd samt að þrátt fyrir fjöldaframleiðslu á flestum sviðum hefur það sem unnið er á sérstakan hátt, ber vitni um handbragð einstaklings og svipmót af menningararfi, verk bundið byggð, bæ eða heimilisfólki á ákveðnum stað – orðið jafnt og þétt verðmætara og getur ef rétt er á haldið veitt þúsundum atvinnu á nýrri öld, orðið burðarás í byggðapróun og veitt lífsnautn ýmsum þeim sem vegna aldurs eða af öðrum sökum eru utan við hinn harða markað samkeppinnar.

Íslenskt handverk er okkur því á margan hátt verðmæt auðlind og það sýnir vel hvernig handverksfólk getur sótt innblástur í gamlar hefðir að þema sýningarinnar sem hér er opnuð skuli vera torf og grjót, byggingarefni sem frá upphafi Íslandsbyggðar veittu landsmönnum húsaskjól, urðu í höndum forfeðranna að listilega gerðum sveitabæjum

sem nú þykja svo einstakir að rætt er um að setja gamla íslenska torfbæinn á skrá yfir heimsminjar, mestu virðingarskrá menningarverðmæta sem til er í veröldinni. Yrði þá við hæfi að segja að torfið og grjótið hafi verið okkur það sama og marmarinn góði Grikkjum og Rómverjum til forna sem nýttu hann til að reisa guðum sínum vegleg hof. Hér heima var það íslenski bóndinn sem reisti úr torfi og grjóti bæinn sinn, hofið handa sauðkindinni og mannfólkinu, Bjartur í Sumarhúsum að helga séra Guðmundarkyninu bæjarskotið.

Torf og grjót hefur á sýningunni hér í Eyjafirði orðið efniviður til nýrra verka og gaman að sjá hvernig handverksfólk er enn á ný að færa þjóðleg efni í nýjan búning.

Ég óska ykkur öllum sem hér komið færandi hendi til hamingju með árangurinn og þakka Eyjafjarðarsveit enn á ný fyrir frumkvæðið og forystuna. Við Íslendingar eigum dýrmæta auðlind í handverkinu og vonandi tekst okkur að virkja hana á nýrri öld, láta sköpunarkraftinn sem í fólkinu býr verða að öfluggu orkuveri, efla hagsæld heimabyggðar og styrkja efnahagslíf landsins alls.

Með þessum orðum flyt ég ykkur öllum árnaðaróskir og vona að þið haldið ótrauð áfram á þessari braut og lýsi því yfir að sýningin Handverk 2002 er hér með opnuð.